
Byggðasamlag um menningar-
og atvinnumál í A-Hún.

Ársreikningur 2016

Byggðasamlag um menningar- og atvinnumál í A-Hún.
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

kt. 451176-0139

Efnisyfirlit

Skýrsla og áritun stjórnenda	2	Efnahagsreikningur	6
Áritun óháðs endurskoðanda	3	Sjóðstreymsyfirlit	7
Rekstrarreikningur	5	Skýringar	8

Skýrsla og áritun stjórnar

Byggðasamlagið var stofnað 1. júlí 2008 um rekstur menningar- og atvinnumála í Austur Húnnavatnssýslu sem var fram að þeim tíma hluti af rekstri Héraðsnefndar Austur Húnvetninga. Aðilar að samlaginu eru sveitarfélögin Blönduósþær, Húnnavatnshreppur, Skagabyggð og Sveitarfélagið Skagaströnd.

Hagnaður varð á rekstri byggðasamlagsins á árinu 2016 að fjárhæð 3,2 millj. kr. samkvæmt rekstrarreikningi. Í árslok nam eigið fé byggðasamlagsins 106,1 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Vísað er til ársreikningsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárréikningum. Ársverk á árinu var eitt.

Stjórn og framkvæmdastjóri Byggðasamlangs um menningar- og atvinnumál í A-Hún. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2016 og staðfest hann með undirritun sinni.

Blönduósi, júní 2017.

Stjórn:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til stjórnar Byggðasamlags um menningar- og atvinnumál í A-Hún.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning byggðasamlagsins („félagið“) fyrir árið 2016. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymsfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu félagsins 31. desember 2016 og afkomu þess og breytingu á handbæru fé á árinu 2016, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð félagini í samræmi við síðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar síðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber stjórn og framkvæmdastjóra að leggja mat á rekstarhæfi félagsins og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema þau ætli annað hvort að leysa félagið upp eða hætta starfsemi þess, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötvu ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötvu ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits félagsins.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:-

- Ályktum við um hvort notkun stjórnar og framkvæmdastjóra á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi félagsins. Ef við teljum að verulegur væfi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert félagið órekstrarhæft.
- Metum við framsetningu, uppyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glöggja mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum stjórn meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þær ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Akureyri, júní 2017.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun
Rekstrartekjur:			
Framlög aðildarsveitarfélaga		24.100.000	24.100.000
Aðrar tekjur		7.175.975	6.900.000
	3	31.275.975	31.000.000
Rekstrargjöld:			
Laun og launatengd gjöld	4	6.809.617	6.963.026
Annar rekstrarkostnaður		18.226.567	20.362.230
Afskriftir	7	3.070.116	2.900.000
		28.106.300	30.225.256
Rekstrarniðurstaða án fjármunatekna og fjármagnsgjálda		3.169.675	774.744
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld	5	(16.856)	(60.000)
Rekstrarniðurstaða ársins	11	3.152.819	714.744

Efnahagsreikningur 31. desember 2016

	Skýr.	2016	2015
Eignir:			
Fasteignir	7	95.192.768	98.262.884
Eignarhlutir í öðrum félögum	8	763.230	929.670
Fastafjármunir samtals		95.955.998	99.192.554
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur	9	380.456	371.918
Aðrar skammtímaskuldir		1.595.233	217.524
Fyrirframgreiddur kostnaður		17.934.141	0
Handbært fé	10	6.855.659	15.855.734
Veltufjármunir samtals		26.765.489	16.445.176
Eignir samtals		122.721.487	115.637.730
Eigið fé:			
Eiginfjárréikningur	11	106.075.328	102.922.509
Skammtímaskuldir:			
Aðrar skammtímaskuldir		16.646.159	9.175.529
Fyrirframinnheimtur styrkur		0	3.539.692
Skuldir samtals		16.646.159	12.715.221
Eigið fé og skuldir samtals		122.721.487	115.637.730

Sjóðstreymisyfirlit árið 2016

	Skýr.	2016	Áætlun
Rekstrarhreyfingar:			
Rekstrarniðurstaða ársins	11	3.152.819	714.744
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	7	3.070.116	2.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar, breyting		166.440	0
Veltufé frá rekstri		6.389.375	3.614.744
Breyting á rekstrartengdum eignum og skuldum		6.084.383	0
Handbært fé frá rekstri		12.473.758	3.614.744
Fjármögnunarhreyfingar:			
Fyrirframgreiðslur, breyting	(21.473.833)	0
Fjármögnunarhreyfingar	(21.473.833)	0
(Lækkun) hækkun á handbæru fé	(9.000.075)	3.614.744
Handbært fé í ársbyrjun		15.855.734	15.855.734
Handbært fé í árslok		6.855.659	19.470.478

Skýringar

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Hann er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum. Ársreikningurinn er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

2. Reikningsskilaaðferðir

a. Innlausn tekna

Tekjur af sölu á þjónustu eru færðar í rekstrarreikning þegar þjónusta hefur verið innt af hendi.

b. Færsla gjalda

Útgjöld eru færð í ársreikninginn á því tímabili sem til þeirra er stofnað og kröfuréttur seljanda hefur myndast.

c. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum.

d. Afskriftir varanlegra rekstrarfjármuna

Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími fasteigna er 40 ár.

e. Eignarhlutir í öðrum félögum

Í ársreikningnum eru eignarhlutir í félögum færðir á kostnaðarverði eða áætluðu markaðsverði ef það er talið lægra. Framlög til ýmissa verkefna teljast hluti kostnaðar vegna viðeigandi málaflokks.

f. Oinnheimtar tekjur og aðrar kröfur

Óinnheimtar tekjur og aðrar kröfur eru færðar niður til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign byggðasamlagsins en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærslu vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

g. Handbært fé

Bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

h. Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2016 er hluti ársreikningsins og er birt í rekstrarreikningi og sjóðstreymsfirliti.

3. Rekstrartekjur

Rekstrartekjur greinast þannig:

	2016	Áætlun
Framlög aðildarsveitarfélaga	24.100.000	24.100.000
Aðrar tekjur:		
Eignatekjur	5.176.022	5.800.000
Aðrar tekjur	1.999.953	1.100.000
	7.175.975	6.900.000
Rekstrartekjur samtals	31.275.975	31.000.000

Skýringar, frh.:

4. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2016	Áætlun
Laun	5.478.273	5.684.646
Launatengd gjöld	1.331.344	1.278.380
Laun og launatengd gjöld samtals	6.809.617	6.963.026
Stöðugildi að meðaltali	1,1	

Laun stjórnar námu 256 þús. kr. á árinu 2016 en námu 310 þús. kr. á árinu 2015.

5. Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld

Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld greinast þannig:

Vaxtatekjur	106.835	30.000
Vaxtagjöld	(123.691)	(90.000)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld samtals	(16.856)	(60.000)

6. Heildaryfirlit um rekstur

Rekstur málaflokka byggðasamlagsins greinist þannig:

	Gjöld	Tekjur	Mismunur	Áætlun
Framlög		24.100.000	24.100.000	24.100.000
Menningarmál	9.823.446	1.999.953	(7.823.493)	(9.134.300)
Atvinnumál	10.325.106	0	(10.325.105)	(11.381.726)
Fjármagnsliðir	123.691	106.835	(16.856)	(60.000)
Málaflokkar samtals	20.272.243	26.206.788	5.934.547	3.523.974
Eignasjóður	7.957.750	5.176.022	(2.781.728)	(2.809.230)
Byggðasamlag samtals	28.229.993	31.382.810	3.152.819	714.744

7. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

Heildarverð 1.1.2016.....	186.764.780	
Afskrifað áður.....	(88.501.896)	
Bókfært verð 1.1.2016.....	98.262.884	
Afskrifað á árinu.....	(3.070.116)	
Bókfært verð 31.12.2016.....	95.192.768	
Heildarverð 31.12.2016.....	186.764.780	
Afskrifað samtals.....	(91.572.012)	
Bókfært verð 31.12.2016.....	95.192.768	
Afskriftahlutföll.....		2,5%

Vátrygggingaverð

Fasteignamat húsa nam 173,2 millj. kr. og löða 13,3 millj. kr. í árslok 2016. Á sama tíma var brunabótamat fasteigna 747,3 millj. kr. og vátrygggingaverðmæti lausafjármuna 71,9 millj. kr.

Skýringar, frh.: -

8. Eignarhlutir í félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum greinast þannig:	Eignarhlutur	Nafnverð	Bókfært verð
Hkjarni ehf.	63,3%	1.900.000	1.900.000
Niðurfærsla hlutabréfaeignar			(1.136.770)
Hlutabréfaeign samtals			763.230

9. Skammtímakröfur

Niðurfærsla skammtímakrafna greinist þannig:

Niðurfærsla í ársbyrjun	2.429.000
Gjaldfærð niðurfærsla á árinu	166.000
Niðurfærsla í árslok	2.595.000

10. Handbært fé

Handbært fé í árslok greinist þannig:

Tékkareikningur hjá Arion banka hf.	4.976.472
Minningarsjóður Péturs Sæmundssonar	1.879.187
Handbært fé samtals	6.855.659

11. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

Eigið fé 1.1.2016	102.922.509
Rekstrarniðurstaða ársins	3.152.819
Eigið fé 31.12.2016	106.075.328

12. Tengdir aðilar

Aðildarsveitarfélög byggðasamlagsins eru skilgreind sem tengdir aðilar, sem og aðal- og varamenn í samlagsstjórn auk æðstu stjórnenda. Makar þessara aðila og ófjárráða börn og aðrir fjárhagslega háðir einstaklingar falla einnig undir skilgreininguna ásamt fyrirtækjum í eigu eða undir stjórni þessara aðila.

Byggðasamlagið hefur átt viðskipti við tengda aðila á árinu. Viðskipti byggðasamlagsins við tengda aðila eru á sömu forsendum og þegar um ótengda aðila er að ræða og eru skilyrði og skilmálar viðskiptanna sambærileg og við ótengda aðila. Við ávkörðun um viðskipti við tengda aðila er farið að hæfisreglum 20. gr. sveitarstjórnarlaga.